# DAGSKRÁIN
## FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

SVANSMERKIÐ
Prentgripur
1041 0858

Nr. 2722 Síðan 1968
56. árgangur

Fimmtudagur 12. október 2023

Sími 482 1944 · dfs@dfs.is · www.dfs.is
Eyravegi 25 · 800 Selfoss


# Íhuga að kæra Ölfus fyrir óheimila landfyllingu




*Tveir mótmælendur við vinnusvæði Suðurverks síðasta sunnudag. Ljósmynd: Berglind Jóhannesdóttir*

Klukkan 7 síðasta sunnudagsmorgun hófu stórtækar vinnuvélar frá jarðvinnufyrirtækinu Suðurverk að moka grjóti út í sjóinn við Þorlákshöfn til að hefja landfyllingu fyrir stækkun hafnarsvæðisins í Þorlákshöfn. Dagskráin hafði samband við Atla Guðbrandsson, stjórnarmann í Brimbrettafélagi Íslands, BBFÍ, vegna málsins.

Samkvæmt Atla hefur BFFÍ átt í góðum samskiptum við bæjaryfirvöld í Ölfusi. „Við höfum lagst í mikla rannsóknarvinnu og skilað inn tillögum að breytingum á hafnarsvæðinu. Tillögurnar sem við höfum skilað inn ættu að varðveita ölduna og valda litlu tjóni á henni. Sömuleiðis taka þær tillit til athafnasvæðisins sem höfnin þarf. Þess vegna brá okkur svo svakalega að heyra að þeir hefðu byrjað klukkan 7 á sunnudagsmorgni án nokkurs fyrirvara.“ Nánar á bls 6.

# Blómleg Bjórhátíð Ölverk að baki

Helgina 6.-7. október var Bjórhátíð Ölverk haldin hátíðleg í fjórða sinn. Á hátíðinni kynntu hinir ýmsu bjór-, ís-, gos, og kambucchaframleiðendur, ostagerðarfólk, framleiðendur á sterku áfengi, og allskyns „gourmet“ framleiðendur sínar nýjustu afurðir fyrir um 300 gestum við frábæra stemningu í gamla gróðurhúsinu, rétt við Ölverk, sem hýst hefur hátíðina undanfarin ár.

Metþátttaka var meðal íslenskra framleiðenda. Þeir voru stórir sem smáir, allsstaðar af að landinu, auk eins sem kom alla leið frá Bandaríkjum Norður-Ameríku, en framleiðendurnir í ár voru 34 talsins.

### Uppselt á hátíðina

„Þetta er orðinn árlegur viðburður og alltaf gaman að taka á móti gömlu góðu gestunum í bland við nýja. Miðasalan gekk vonum framar og var uppselt á hátíðina. Sumir framleiðendanna buðu fólki að taka forskot á sæluna og gáfu smakk af jólabjórunum sem lenda annars ekki í hillum eða á dælum fyrren í nóvember, við góðar undirtektir hátíðargesta. Í bland við smakk frá framleiðendum, sem er aðalpartur dagskrárinnar, er heljarinnar matsala í gróðurhúsinu á vegum Ölverk, þar sem þemað er Októberfest og við gerum tilraunir með annarskonar matargerð, aðra en pizzugerðina sem Ölverk er þekktast fyrir,“ segir Laufey Sif Lárusdóttir, eigandi Ölverk í samtali við Dagskrána. Stemningin var frábær og augljóst að gestir skemmtu sér konunglega.

### Endurtekið að ári

„Boðið var upp á dansparty til 1 bæði kvöldin með úrvals tónlistarfólki og myndaðist frábær stemning og gleði meðal gesta. Fólk var afar ánægt með þetta framtak og við erum þakklát fyrir frábærar móttökur, án efa verður þetta endurtekið að ári,“ segir Laufey að lokum.

Myndir og nánari umfjöllun um hina skemmtilegu Bjórhátíð Ölverk má finna á DFS.is. *HGL*



*Á hátíðinni fór fram Steinholding keppni á milli bruggaranna. Þar öttu bruggararnir kappi um hver gæti haldið eins líters krús, fullri af bjór fram eins lengi og unnt væri. Grugg&Makk kom sá og sigraði á tímanum 5:40.*





Toyota Selfossi

FRAMÚRSKARANDI ÞJÓNUSTA

VIÐ TOYOTA EIGENDUR Á SUÐURLANDI



TOYOTA SELFOSSI
Fossnesi 14, Selfossi,
Sími: 480 8000, toyotaselfossi.is

# Myndlistarfélag Árnessýslu breiðir út vængi sína

Myndlistarfélag Árnessýslu er ekki nýtt af nálinni heldur var það upprunalega stofnað 1981. Stofnfélagar voru 28 og vildu með stofnun félagsins bæta aðstöðu til sýning og efla fræðslu um myndlist. Nú, rúmum 40 árum síðar, eru markmiðin enn af sama toga, auk þess sem það vill stuðla að samvinnu félagsmanna sem í dag telja um 70 en er sístækkandi hópur.

### Ekki bara fyrir Ásgrím Jónsson, Erró og þeirra líka!

Öll sem áhuga hafa á myndlist og vilja stunda hana eru velkomin í félagið. Einhverjir félagsmenn eru byrjendur í listinni á meðan aðrir eru jafnvel með áratuga reynslu og hafa sýnt verk sín á fjölmörgum myndlistarsýningum. „Þessi breidd finnst okkur vera afar jákvæð og sýna styrk félagsins. Enginn þarf því að vera feiminn við að sækja um inngöngu í félagið og við lofum hlýjum móttökum og frábærum félagsskap“ segir Katrín Ósk Þráinsdóttir varaformaður félagsins. „Félagsmenn fá t.d. tækifæri til að sýna verk sín á sýningum félagsins, taka þátt í menningarferðum og fá aðgengi að aðstöðu fyrir listsköpun við hlið annarra félagsmanna. Uppsveiflan er þónokkur í starfinu hjá okkur um þessar mundir og ekki ólíklegt þú hrífist með ef þú ákveður að taka þátt“.



### Blómlegt félagsstarf um þessar mundir

MFÁ er svo lánsamt að eiga griðarstað í Sandvíkursetri á Selfossi en sveitarfélagið Árborg lánar félaginu aðstöðu þar með þeirri ánægjulegu kvöð að taka þátt í viðburðum á vegum sveitarfélagsins. Til að mynda eru nokkrir viðburðir á vegum félagsins nú í Menningarmánuðinum október og var sá fyrsti síðastliðið miðvikudagskvöld þegar við héldum örnámskeið í blandaðri tækni á vinnustofu félagsins í Sandvíkursetri. Kristjana Gunnarsdóttir myndlistarkennari og félagsmaður leiðbeindi þátttakendum og í kjölfarið fengu þeir að spreyta sig sjálfir með ýmis konar efnivið, þar á meðal akrílmálningu, vatnslitum, kolum, trélitum, vaxlitum og bleki! Við opnuðum jafnframt sýninguna Flæði í Sundhöll Selfoss síðastliðinn laugardag þar sem 12 konur sýna vatnslitamyndir. Sýning mun standa yfir til 31. október.

Framundan er Opið hús á vinnustofu félagsins, laugardaginn 14. október frá kl. 11 – 14 , í tengslum við Menningargönguna og Menningarmánuðinn október. Þar gefst gestum og gangandi tækifæri til að spjalla við félagsmenn þar sem þeir sinna listsköpun sinni og allar líkur eru á að dásemdar kaffi sé á boðstólnum auk þess sem vöffluilmur fyllir gjarnan loftið á stundum sem þessum. Annað örnámskeið verður síðan haldið föstudagskvöldið 20. október kl. 19:30 og hvetjum við alla áhugasama að mæta og eiga notalega stund með okkur.



### Gallerí Gangur og heimasíða MFÁ!

Ekki er þó allt upptalið heldur er jafnframt verið að standsetja betri sýningaraðstöðu en áður hefur verið í Sandvíkursetrinu og stefnt er að opnun „Gallerí Gangs“ í október eða nóvember. Samhliða er stefnt á að „opnun“ heimasíðu félagsins sem mun hýsa helstu upplýsingar um starfsemina auk þess sem félagsmönnum gefst tækifæri til að sýna og selja verk sín, ef þeir kjósa það, á heimasíðunni.

Það er því rík ástæða til að fylgjast með Myndlistarfélagi Árnessýslu, t.d. á FB-síðu félagsins.










# Álfheimar fá gróðurhús

Leikskólinn Álfheimar hlaut styrk úr samfélagssjóðum Krónunnar og Landsvirkjunar og nýtti styrkina til að kaupa sér Bamba gróðurhús. Foreldrafélagið sá svo til þess að við fengjum húsið sent til okkar og keyptu handa okkur mold í gróðurkerin sem fylgja með. Bambahúsin eru íslensk framleiðsla úr endurunnu efni, þau eru sterk og henta sérstaklega vel fyrir íslenskar aðstæður.

Við notuðum tækifærið á degi íslenskrar náttúru til að vígja nýja húsið og fagna því með samveru úti í garði. Þar kveiktum við bál, bæði til að hafa það huggulegt en líka til að geta soðið nýju kartöflurnar okkar. Kartöflurnar ræktuðum við sjálf og tókum þær upp daginn áður. Við sungum saman nokkur lög meðan kartöflurnar voru að soðna, síðan tókum við stóru slaufuna af húsinu og þá máttu allir fara inn og skoða. Þegar við vorum búin að skoða voru kartöflurnar tilbúnar, sumar voru stórar en aðrar alveg pínulitlar. Þá gátum við komið í kartöfluröðina og fengið kartöflu í lófann, við máttum velja hvort við vildum litla eða stóra og máttum koma eins oft og við vildum. Sumir borðuðu rosa margar kartöflur, sumir vildu enga, en sumir vildu smakka þegar þeir voru búnir að hugsa málið og sáu hvað hinir voru glaðir og ánægðir með kartöflurnar sínar. Þetta voru bestu kartöflur í heimi! Við hlökkum til að rækta meira gómsætt í nýja gróðurhúsinu okkar. Takk Krónan, takk Landsvirkjun, takk foreldrafélag.








Listin er eilíf
Þú finnur allt fyrir myndlistina hjá okkur.
Hjá okkur færð þú einfaldlega allt fyrir myndlist frá heimsþekktum framleiðendum. Allar tegundir lita, ótrúlegt úrval pensla, pappír, skissubækur, möppur, trönur og strigar. Blindrammar, spreybrúsar, gjafasett og svo margt, margt fleira.
SLIPPFÉLAGIÐ
Austurvegi 58
Selfossi
S: 482 1250
Opið:
8-18 virka daga
10-14 laugardaga
slippfelagid.is
SLIPPFÉLAGIÐ

# Tvær nýjar á Klaustri

Á dögunum var lesið upp úr tveimur nýjum bókum á veitingahúsinu Kjarr á Kirkjubæjarklaustri.

Áslaug Ólafsdóttir las upp úr bókinni Hlutskipti sem Jóna Ingibjörg Jónsdóttir og Jón Hjartarson skrifuðu. Jón lést í febrúar 2023 en það var viðeigandi að lesa upp úr bók hans á Kirkjubæjarklaustri því þar bjuggu þau Áslaug í mörg ár, hann var skólastjóri og hún kennari. Bókin hefst á Selfossi en sögusviðið teygir sig allt norður á Gjögur. Söguefnið er átakanleg en mjög áhugavert. Áslaug fékk margar spurningar og greinilegt að efnið snerti alla í salnum. Það kom því ekki á óvart hversu góðan dóm bókin fékk í Kiljunni 4. október.



*Áslaug Ólafsdóttir. Mynd: Aðsend.*


*Lilja Magnúsdóttir. Mynd: Aðsend.*

Lilja Magnúsdóttir, sem var kennari og kynningarfulltrúi á Kirkjubæjarklaustri, las svo upp úr skáldsögu sem ber titilinn Friðarsafnið. Í sögunni segir af manni á flótta og stúlkum sem eiga í höggi við strákahóp sem beitir þær yfirgangi sem erfitt er að berjast á móti. Nafn bókarinnar kemur til af því að önnur aðalpersónan, Rakel, hefur stofnað Friðarsafn í Reykjanesbæ. Þetta er spennandi og áleitin skáldsaga sem tekur á margvíslegum birtingarmyndum ofbeldis á raunsæjan og áhrifaríkan hátt. Bókin hentar öllum en ekki síst ungu fólki.



Það var vel mætt og stundin notaleg. Veitingarnar voru glæsilegar hnallþórur og kaffi í boði eigenda Kjarr, þeirra Vigdísar, Lárusar Hilmars og Baldvins Lárs. Kjarr er nú komið í vetrarfrí en opnar aftur næsta vor.

Daginn eftir var svo farið á Hjúkrunarheimilið Klausturhóla með tertur og upplestur.

# Heimsókn HfSu og Kötlu Jarðvangs til Kielce í Póllandi

Lokafundur og ráðstefna samstarfsverkefnis Háskólafélags Suðurlands, Kötlu Geópark, The Holy Cross Mountains Geopark og AGH vísinda- og tækniháskólans í Kraká, fór fram í Kielce vikuna 25.-29. september 2023.

Verkefnið miðar að því að efla þekkingu á sviði jarðfræði Markmið verkefnisins var að þróa nýja námslínu á meistarastigi „Jarðferðamennska og jarðvangar" (Geotourism and Geoparks) í Jarð-, jarðeðlis og umhverfisfræðideild Vísinda- og Tækniháskólans í Krakow, Póllandi í samstarfi við Háskólafélag Suðurlands. Að auki var nýtt námsefni þróað í samvinnu við samstarfsaðila þeirra tveggja UNESCO hnattræna jarðvanga sem hluti voru af verkefninu, Holy Cross jarðvang (geopark) í Póllandi og Kötlu jarðvang á Íslandi. Aukin umhverfisvitund og vaxandi áhugi á umhverfis- og auðlindamálum í samfélaginu hefur orðið til þess að mörg fyrirtæki kalla eftir fleiri sérfræðingum sem hafa sérfræðiþekkingu á jarðminjum og starfa í tengslum við jarðfræðimenntun, einkum við jarðferðamennsku og hjá jarðvöngum. Var því verkefnið þróað með þarfir atvinnulífsins í huga, þar sem fagleg menntun og þjálfun myndu styðja við þekkingu og miðlun um jarðminjar og jarðfræðiarfleifð (geological heritage) hjá aðilum sem starfa í tengslum við það, m.a. ferðaþjónustuaðila, kennara, leiðsögumenn, ferðaskipuleggjendur og ýmsum félagasamtökum (NGO). Verkefnið mun því nýtast til að bæta gæði



og efla faglega háskólamenntun á sviði jarðferðamennsku og jarðfræðimenntunar (geoeducation) sem mun nýtast í víðtækara samhengi hjá fleiri löndum, m.a. Íslandi.

*Háskólafélag Suðurlands*



# Sunnlenski matgæðingurinn

*Viðar Örn Kjartansson er sunnlenski matgæðingur vikunnar að þessu sinni.*

Vil þakka Sigurði Guðlaugssyni bankamanni, blikksmið, fyrrverandi knattspyrnumanni og nema fyrir þessa áskorun. Get ekki ímyndað mér að hans uppskrift bragðist vel en svona er þetta. Hér er ég með beikon pasta af dýrari gerðinni sem ég hef verið að þróa í gegnum árin og það má segja að það nálgist fullkomnun.


*Mynd: KSÍ*

**Árnessýslu beikon pasta**

5 sveppir
1 rauð paprika
1 hvítlaukur
1 stór Beikon smurostur
Matreiðslurjómi 0,5 L
Beikon frá Krás 1 pakki
Smjör
Tortellini heill pakki
Salt og pipar
Chilli pipar

Byrjið á að steikja beikonið fyrst og síðan geyma það í skál í smástund.

Saxaðu sveppina í örsmáa bita og paprikuna, leyfir síðan sveppunum og paprikunni að anda i smastund.

Eftir þetta þá skerðu hvítlaukinn niður í litla bita.

Þetta er allt sett saman á eina pönnu með einni matskeið af smjöri. Á lágum hita.

Þegar búið er að steikja grænmetið í smástund þá er skellt á 0,5 l af matreiðslurjóma á pönnuna. Og skellir beikonostinum í mixið og beikonið með. Og leyfir þessu að malla og setur smá salt og pipar á til að jafna bragðið. Leyfir þessu að liggja á lágum hita í dágóða stund.

Í þessari andrá er gott að fara að huga að pastanu. Skellir því í pott með smá Ólívu olíu frá Toscana.

Þegar pastað er klárt þá nota ég eldfast mót sem ég set pastað í og síðan tek ég það sem er á pönnuni og helli því ofan á pastað.

Ég skvetti smá chilipipar á til að fá þetta Selfysska bragð sem heldur heimþránni í lágmarki.

Voila þá er allt klárt.

Ég vil að lokum skora á Styrmi Jarl Rafnsson að taka okkur Sunnlendinga á ferðalag til Asíu. En hann hefur búið þar með hléum undanfarinn ár. Hann á einmitt fræga setningu sem hljómar einhvernveginn svona. „Ég hélt ég vissi einhvað um matargerð. En eftir að hafa ferðast um Balí það má segja að augun mín hafi opnast"

*Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.*

# Samtal um sorg og áföll í Selfosskirkju

Nú í október fer að stað fræðsla og samtal um sorg og sorgarviðbrögð í Selfosskirkju. Það gerir mörgum gott sem gengið hafa í gegnum sorg eða önnur áföll að hitta aðra sem staðið hafa í sömu sporum. Við byrjum samverurnar á opnum fyrirlestri sem verður í Safnaðarheimili Selfosskirkju miðvikudaginn 18. október kl. 20:00. Til okkar kemur Jóhanna María Eyjólfsdóttir sem er fagstjóri hjá Sorgarmiðstöðinni. Viku síðar förum við af stað með samtalshópa og í hópnum gefst þátttakendum færi á að ræða í einlægni og trúnaði um líðan sína, deila reynslu sinni og hlusta á aðra.



Umsjón með hópunum hefur Guðbjörg Arnardóttir, hægt að fá nánari upplýsingar í gegnum gudbjorg.arnardottir@kirkjan.is. Dagsetningar fyrir samtalshópana eru: 25. október kl. 18:00, 2. nóvember kl. 18:00 (ath fimmtudagur), 8. nóvember kl. 18:00, 15. nóvember kl. 18:00 og 22. nóvember kl. 18:00.

Fyrirlesturinn og samtalið er öllum opinn óháð búsetu og styrkt af Hérðassjóði Suðurprófastdæmis

*Árborgarprestakall*

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
**Útgefandi:** Prentmet Oddi, Eyravegi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
**Ritstjóri:** Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 856 0673, helga@dfs.is.
**Blaðamaður:** Björgvin Rúnar Valentínusson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
**Auglýsingadeild:** Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.
Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.
Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.
**ISSN 1670-407X**
SVANSMERKIÐ Prentgripur 1041 0858

## Gáta vikunnar

Vísnagátur-höf: Páll Jónsson
Útg. Bókaútgáfan HÓLAR

Á það Blesi ólmur fór,
yfir hafið brunar stór.
Orðið merkir ævibil,
eg með henni borða vil.

Svar við gátu í blaði 2720: **STÁL**
2. (S)**tál** - 3. Berg**stál**
4. Til að **stála** (brýna) hnífa með


Jákvæðari orka
á Suðurlandi
Skiptu yfir í jákvæðari orku á atlantsorka.is
ATLANTSORKA

# Íhuga að kæra Ölfus fyrir óheimila landfyllingu



*Mynd: Berglind Jóhannesdóttir.*

Klukkan 7 síðasta sunnudagsmorgun hófu stórtækar vinnuvélar frá jarðvinnufyrirtækinu Suðurverk að moka grjóti út í sjóinn við Þorlákshöfn til að hefja landfyllingu fyrir stækkun hafnarsvæðisins í Þorlákshöfn. Dagskráin hafði samband við Atla Guðbrandsson, stjórnarmann í Brimbrettafélagi Íslands, BBFÍ vegna málsins.

„Það hefur staðið lengi til hjá Ölfusi að stækka höfnina, fyrir 2 árum var nýtt aðalskipulag Þorlákshafnarbæjar samþykkt. Þeir voru með mjög stór plön í bígerð, við tókum eftir því og höfðum samband við bæjaryfirvöld í Ölfusi, áttum mjög gott samtal við þau og þeir komu til móts við okkur. Við bentum þeim á að upphafleg plön þeirra myndu hafa mjög slæm áhrif á ölduna (aðalbrotið) og sendum þeim skýrslu frá Simon Brand Mortensen, öldu-sérfræðingi frá Ástralíu til staðfestingar. Í kjölfarið var unnin tillaga sem hentaði báðum aðilum, því það er líka jákvætt fyrir Þorlákshöfn að halda öldunni,“ segir Atli

### Fjöldi ferðamanna eltir íslensku ölduna

„Þetta svæði er án nokkurs vafa besta og áreiðanlegasta brimbrettasvæði á suðvesturhorninu, ef ekki á öllu landinu. Þetta er heimsklassa alda og hún er vel þekkt meðal brimbrettaiðkenda, hefur verið mynduð í bak og fyrir. Aldan við Þorlákshöfn og á Ólafsfirði er meginástæðan fyrir því að Ísland er á radarnum hjá brimbrettafólki um allan heim. Til dæmis er einn stærsti „big wave“ brimbrettakappi heims á á landinu núna og fyrir viku síðan var annar þekktur „bigwave“ kappi hér. Það er mjög mikið af ferðamönnum sem koma hingað til þess eins að fara á brimbretti, en brimbrettaíþróttin er svipuð og aðrar íþróttir, á borð við skíði eða golf, þar sem fólk vill ferðast og prófa að upplifa íþróttina á nýjum stöðum.

### Eyðileggja mörgþúsund ára náttúruperlu með einu pennastriki

Atli segir staðsetningu Íslands og landið sjálft mjög hentugt fyrir brimbrettaiðkun. „Við erum með strandlengju allan hringinn og fáum öldur að norðan og úr suðri með golfstraumnum upp til okkar, beint inn í Þorlákshöfn. Ríkjandi ölduátt er suðvestan áttin og hún fellur einkar vel inn í flóann í Þorlákshöfn. Eins og við í BBFÍ höfum ítrekað talað um, þá er aldan einstök náttúruperla og rifið eða botninn er búinn að skrapast í mörgþúsund ár og allt í einu ætla Elliði og hans fólk, með einu pennastriki að eyðileggja þetta fyrir komandi kynslóðum og við viljum koma í veg fyrir að það verði gert.“

### Hafa fengið ráðgjöf ástralskra sérfræðinga

Samkvæmt Atla hefur BFFÍ átt í góðum samskiptum við bæjaryfirvöld í Ölfusi. „Við höfum lagst í mikla rannsóknarvinnu og skilað inn tillögum að breytingum á hafnarsvæðinu. Við fengum til liðs við okkur Ástrali sem eru strand- og hafnaverkfræðingar og hafa gríðarlega mikla reynslu á þessu sviði. Þessir sérfræðingar hafa haldið námskeið fyrir Vegagerðina og verkfræðinginn sem vinnur að hönnun hafnarinnar, Sigurð Ás, sem gerði meðal annars Landeyjarhöfn. Tillögurnar sem við höfum skilað inn ættu að varðveita ölduna og valda litlu tjóni á henni. Sömuleiðis taka þær tillit til athafnasvæðisins sem höfnin þarf. Við erum því að bíða eftir svari frá bæjaryfirvöldum og höldum í vonina um að þeir muni velja eina af tillögunum okkar, eins og átti sér stað fyrir tveimur árum. Þess vegna brá okkur svo svakalega að heyra að þeir hefðu byrjað klukkan 7 á sunnudagsmorgni án nokkurs fyrirvara.“

### Stórkostlegar skemmdir á nokkrum klukkutímum

Ég veit ekki hvað planið er hjá þeim akkúrat núna, en við náðum að stöðva þá. En það sem þeim tókst að gera á nokkrum klukkutímum, er gríðarleg skemmd á þessu svæði. Á myndbandi sem var tekið í gær sést að aldan er nú þegar byrjuð að brotna á varnargarðinum, sem þýðir að ef það væri brimbrettamaður að „surfa“ þarna, þá myndi hann skella á grjótgarðinn ef hann hoppaði ekki af. Að skella á grjóti á 25-30 km hraða er ekkert grín. Þarna var fjara fyrir og þessvegna hefur verið mjög hentugt að komast uppúr en við þessa landfyllingu, fyrir utan slysahættuna sem augljóslega margfaldast, verður það heljarinnar bras að komast uppúr sjónum, með tilheyrandi vandræðum fyrir iðkendur.

### Einhver er ekki að segja satt

„Við í Brimbrettafélaginu höfðum samband við Elliða í gærmorgun og hann segist koma af fjöllum og við skiljum hvorki upp né niður. Við höfðum í kjölfarið samband við Ásu Berglindi, bæjarfulltrúa í Ölfusi, og spurðum hvort hún hafi frétt af þessu. Hún staðfesti að þetta mál hefði ekki verið tekið fyrir, að það væri ekki komin heimild fyrir þessu og þetta væri þar af leiðandi ólöglegt. Ása fór beint og ræddi við verktakann sem var þarna á gröfunni, sem segir henni þá að honum hafi verið sagt að það mætti byrja að setja niður þarna efni, en svo yrði þetta samþykkt á fundi síðar í vikunni. Þetta er frekar nákvæmt svar sem þessi gröfumaður gefur þannig að augljóslega hefur Suðurverk, framkvæmdastjórinn eða sá aðili sem er ábyrgur fyrir þessu verki sagt viðkomandi að byrja. Það er ekki frá honum sjálfum komið. Þetta er mjög undarlegt og þó maður vilji ekki halda það að menn séu að ljúga þá er nokkuð augljóst að það er einhver sem er ekki að segja satt,“ segir Atli.

### Héldu áfram að vinna eftir að mótmælendurnir sneru heim

„Þegar Ása var búin að tala við viðkomandi og við vorum mætt á svæðið, þá stöðva vélarnar vinnuna sína og fara að vinna í einhverju öðru. Svo þegar Ása fer og flestir mótmælendur eru farnir, þá byrja vinnuvélarnar aftur. Þetta er eitthvað sem er mjög loðið. Það sem gerist þá er að þeir byrja að vinna aftur og byrja að hlaða ofaná landfyllinguna. Þeir eru ekki að ýta grjótinu ofaní sjóinn en eru að undirbúa það, vinna sér í hag. Það er einn af okkar aðilum sem fór fyrr í dag og talaði við vinnumennina sem segja að þeir munu ekki hefja störf við landfyllinguna í dag og þeir séu að bíða eftir heimild,“ bætir Atli við

### Íhuga að kæra framkvæmdina

„Við í Brimbrettafélaginu erum að íhuga að kæra, þetta eru okkar hagsmunir, við höfum sem fyrr segir fengið sérfræðinga að utan og kostnaðurinn við það hleypur á hundruðum þúsunda. Við ætlum að heyra í Umhverfisstofnun því að samkvæmt lögum eru þeir ekki með heimild til að varpa grjóti,og vikri og aðskotahlutum í hafið, og það er samkvæmt lögum er það óheimilt. Það stendur skýrt í 9 grein laga númer 33 frá árinu 2004, sem fjalla um varnir gegn mengun hafs og stranda, að varp efna og hluta í hafið sé óheimilt án leyfis og umsagnar frá Umhverfisstofnun

## Skýringarmyndir á deiluskipulagi



*Áður gildandi deiliskipulag, samþykkt 25. júní 2020.*



*Tillaga að deiliskipulagsbreytingu, dagsett 10. des. 2020, sem var mótmælt og hafnað.*



*Tillaga að deiliskipulagsbreytingu sem var samþykkt 26. ágúst 2021.*



*Mynd: Berglind Jóhannesdóttir.*




*Mynd: Berglind Jóhannesdóttir.*

og við höfum engar heimildir fyrir því að þetta leyfi hafi fengist.“

Breyting á deiliskipulagi var auglýst í skipulagsgátt og athugasemdir um framkvæmdina voru birtar nú um miðjan september. Í umsögn Umhverfisstofnunar um fyrirhugaðar framkvæmdir segir: „Að mati Umhverfisstofnunar er uppbygging á svæðinu farin að hafa áhrif á útivistargildi svæðisins sem er m.a. vinsælt fyrir brimbrettaiðkun og því farin að hafa áhrif á svæði sem er á náttúruminjaskrá. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að hugað sé að verndun svæða til útivistar og skoðaðir séu aðrir valmöguleikar varðandi uppbyggingu athafnasvæðis.“

Auk þess bendir Umhverfisstofnun á að nú er töluverð starfsemi fiskeldis meðfram suðurströnd og frekari uppbygging í farvatninu. Því telur stofnunin mikilvægt að metin séu sammögnun áhrifa þeirrar uppbyggingar, sem hefur átt sé stað og eru fyrirhuguð, m.t.t. útivistar og hvort tillagan hafi neikvæð áhrif á verndargildi náttúruminja.

Í umsögn BBFÍ um afleiðingar deiliskipulagsbreytingartillögunnar segir að ef deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt í núverandi mynd sé ljóst að verulegar breytingar verða á briminu á svæðinu. „Hluti af aðalbrotinu mun fara undir nýja landfyllingu og restin af brotinu er í hættu vegna afleiðuáhrifa frá breytingunum. Þar ber helst að nefna að endurkast brims af varnargarði sem og breytingum á straumum meðfram strandlengju/varnargarði. Hvort tveggja getur dregið úr tíðni og gæðum brims sem og gert aðstæður mun hættulegri. Fyrirhuguð landfylling mun gera það að verkum að brimbrettafólk kemst ekki upp úr sjónum, þar sem ógjörningur er að komast upp grófan grjótvarnargarð í miklu ölduróti, verði af fyrirhuguðum breytingum á strandlengjunni. Upplýsingar um breytingar á svæðinu myndu aldrei ná eyrum allra sem hana sækja enda dreifast iðkendur hennar um allan heim. Einnig sækja Íslensk ungmenni, sem hafa litla þekkingu á straumum hafsins þennan stað og sökum reynsluleysis geta þeir komið sér í mikla hættu verði af þessari breytingu.“ (Sjá skýringarmyndir hvernig er farið í sjóinn og hvar er farið upp úr á grynningum.)

„Við teljum að útfæra megi stækkunina á höfninni betur en núverandi tillaga gerir ráð fyrir. Með réttri nálgun er hægt að taka tillit til þeirrar auðlindar sem er til staðar án þess að stækkun hafnarinnar eða bætt hafnaraðstaða líði fyrir. Forsenda fyrir því að vel takist er að samvinna verði á milli framkvæmdaraðila og hagsmunaaðila. Með tiltölulega litlum tilkostnaði er hægt að gera ítarlegar rannsóknir með stafrænum líkönum af svæðinu og með sérfræðiþekkingu af hafstraumum og brimi (þá sérstaklega m.t.t. hafnargerðar sem og brimreiða) er hægt að vernda þetta einstaka útivistarsvæði og stækka höfnina á sama tíma.“ *HGL*



# Ragnar Stefánsson ræðir bók sína í Íslenska bænum



Laugardaginn 14. október kl. 15 ræðir Ragnar Stefánsson jarðskjálftafræðingur um bók sína „Hvenær kemur sá stóri“ í Íslenska bænum. En efni bókarinnar hverfist að miklu leyti um SIL rannsóknina, (st. South Iceland Lowlands) sem stóð yfir í tvo áratugi en frumgerð SIL jarðskjálftamælingakerfins 1987-1992 eru 8 mælistöðvar sem komið var fyrir á sveitabæjum á Suðurlandi og þess vegna teljum við að eflaust séu margir áhugasamir hér á svæðinu og þó nokkuð margir sem höfðu bein kynni af eða hjálpuðu beinlínis til við þá rannsókn sem liggur til grundvallar hinu sívirka kerfi sem Veðurstofa Íslands notast við.




„Ragnar Stefánsson jarðskjálftafræðingur hefur um áratuga skeið verið í fylkingarbrjósti íslenskra jarðvísindamanna sem fengist hafa við skjálftarannsóknir og vöktun. Í þessari bók gerir hann grein fyrir þróun fræðigreinarinnar og fer yfir jarðskjálftasögu Íslands allt frá miðöldum og til síðustu ára. Einnig segir hann frá uppbyggingu og eiginleikum hins sívirka mæla- og viðvörunarkerfis sem Veðurstofa Íslands rekur. Jafnframt leggur hann grunn að jarðskjálftaspáfræði, en það er fræðigrein sem í raun á eftir að sanna sig en mun vafalítið þróast hratt á næstu árum og áratugum.“

Árni Hjartarson jarðfræðingur sem las bókina yfir efnislega verður með Ragnari og tekur þátt í umræðum. Árni er jarðfræðingur að mennt og vinnur að rannsóknum á jarðhita og grunnvatni hjá Íslenskum orkurannsóknum. Hann hefur skrifað nokkrar bækur og fjölda greina um jarðfræði og tengd efni. Hann er einn helsti sérfræðingur um Þjórsárhraunið mikla.

STJÓRNENDAFÉLAG SUÐURLANDS

ORLOFSHÚS
Stjórnendafélags Suðurlands
Áramótin 2023 - 2024

Stjórnendafélag Suðurlands auglýsir orlofshús félagsins laus til umsókna áramótin 2023 - 2024 í Birkihlíð Brekkiheiði 15 Brekkuskógi og í húsi félagsins í Svignaskarði Borgarfirði tímabilið 27. des. - 3. jan. nk.

Umsóknarfrestur vegna leigu á orlofshúsi Stjórnendafélags Suðurlands áramótin 2023 - 2024 er til 23. október nk.

Hægt að sækja um á síðu félagsins www.stjornandi.is. Einnig er hægt að fá aðstoð við umsóknarferlið á skrifstofu félagsins að Austurvegi 56 Selfossi eða í síma 480 5000.

# Ekki nógu lyginn til að skrifa skáldsögur

## *segir lestrarhesturinn Eiríkur St. Eiríksson*

Hann er aðfluttur Sunnlendingur. Hefur verið með annan fótinn á Selfossi og síðan Stokkkseyri síðan 2009. Bjó á Hellu í tæp fimm ár en fluttist í vor til Stokkseyrar. Eiríkur St. Eiríksson er blaðamaður og fagnar síðar á þessu ári að komast í hóp eldri borgara.

„Ég get tæpast talist lestrarhestur í dag en ég fylgist vel með. Síðustu bækur, sem ég keypti, voru Tugthúsið eftir Hauk Má Helgason og Snerting eftir Ólaf Jóhann Ólafsson. Báðar vöktu áhuga minn en eru ólesnar. Tugthúsið, sem nú er Stjórnarráðið, á sér merkilega sögu og einhvern veginn fann ég á mér að Snerting væri bók til að lesa. Síðasta bók, sem ég las, var Pálssaga I eftir föður Ólafs Jóhanns og nafna. Það eru fyrstu tvö bindin, Gangvirkið og Seiður og hélog, í þríleik um ástandið í Reykjavík á hernámsárunum. Það þriðja, Drekar og smáfuglar, á ég eftir að lesa.

Það eru helst spennusögur og bækur sem segja frá lífsbaráttunni á framandi slóðum. Grænland er nærtækasta dæmið og mér finnst bók danska rithöfundarins Kim Leine um Spámennina í Botnleysufirði, sem er fyrsta bindið í þríleik, mögnuð lesning. Íslenskar háskasögur geta líka verið ágætar, ekki síst ef þær lýsa staðháttum.

Ég varð snemma læs en ég minnist þess ekki að það hafi verið lesið fyrir mig. Ég er alinn upp í Goðheimunum og ein mín mesta gæfa í lífinu er að föðurafi minn og -amma bjuggu á neðri hæðinni. Þau voru bæði úr Skagafirði. Þar var ég heimagangur og í raun voru þau mínir aðrir foreldrar. Þau sögðu mér sögur, sem ýmist voru skáldaðar eða sannar, og sá fróðleikur sem ég nam af þeim hefur fylgt mér alla ævi. Það var örstutt í Sólheimabókasafnið þar sem Ingibjörg réð ríkjum. 10-11 ára gamall var ég búinn að lesa allar bækurnar fyrir börn og unglinga, nema stelpubækurnar, og því ekki annað að gera en að ráðast á fullorðinsbækurnar. Mig minnir að ég hafi byrjað á Kristmanni Guðmundssyni. Sjálfur sankaði ég að mér bókum og Prins Valíant, Tom Swift, Percival Keene, Sandhóla-Pétur og Jón miðskipsmaður voru mínir menn. Af höfundum komst Jack London fljótlega í uppáhald.



Lestrarvenjur mínar í dag eru þær að ég les lítið. Kaupi gjarnan athyglisverðar bækur á bókamarkaðinum, sem nú er í kjallara Laugardalsvallar, eða í búðum með það markmiði að lesa þær við fyrsta tækifæri. Þau tækifæri hafa sennilega verið af skornum skammti hvað mig varðar. Sennilega heitir þetta leti á þokkalegri íslensku. Hins vegar er ég hraðlæs og ef ég byrja á bók legg ég hana ekki frá mér fyrr en við sögulok. Þá á ég við bækur sem eru innan við 400 síður. Langlokurnar hef ég líka lesið en þá í tveimur lotum.

Af einstökum höfundum, sem ég held upp á, má fyrstan nefna Laxness og af heldur yngri íslenskum höfundum standa Ólafur Gunnarsson, Jón Kalman Stefánsson, Einar Kárason, Einar Már Guðmundsson og Hallgrímur Helgason upp úr. Reyndar eru þetta allt stútungskarlar, eins og ég, en ég er ekki dómbær á þá ungu höfunda sem vakið hafa athygli. Af erlendum höfundum þá man ég að Camus hafði sterk áhrif á mig. Margir aðrir skrifuðu góðar bækur en líka slæmar. Í dag les ég aðallega glæpasögur og á þeim vettvangi stendur Norðmaðurinn Jo Nesbö upp úr. Daninn Abel Olsen er athyglisverður og ég kaupi allar bækur sem þessir tveir skrifa. Stephen King getur sömuleiðis verið ótrúlegur. Því miður hef ég leiðst út í að lesa verksmiðjuframleiðslu Lee Child um Jack Reacher og ráp hans. Að sumu leyti minna þessar bókmenntir á Morgan Kane og þar áður Basil fursta. Froða sem sennilega þarf að vera til á hverjum tíma. Af íslenskum gæpasagnahöfundum er ég hrifnastur af Stefáni Mána og sérstaklega ef söguhetjan er Hörður Grímsson. Af einhverjum ástæðum eru breyskir menn í uppáhaldi hjá mér og Hörður Grímsson minnir að sumu leyti á sögupersónuna Harry Hole sem Nesbö skapaði. Ég er hrifinn af sumu sem Arnaldur og Yrsa hafa dregið upp en miðað við síðustu bók Ragnars Jónassonar hefur sá maður aldrei gengið til rjúpna. Menn eiga ekki að skrifa um það sem þeir hafa ekki vit á.

Það er ef til vill ofsagt að bók hafi rænt mig svefni því yfirleitt les ég bókina í einni lotu. Sú bók, sem hefur haft ein dýpstu áhrif á mig, er En mann (sem væntanlega heitir Maður á íslensku) eftir ítölsku blaðakonuna Oriönu Fallaci. Sú bók er mögnuð.

Ég hef verið blaðamaður í 45 ár og skrifað sjö bækur. Stangaveiðihandbækurnar fjórar munu lifa mig og gott betur. Ég er ekki nógu lyginn til að skrifa skáldsögur nema fyrir yngri börn. Ég er byrjaður á einni en framtíðin verður að skera úr um hvort ég nenni að klára hana og halda áfram. Að öðru leyti hugsa ég mest um varðveislu gamalla minninga og minja þessa dagana.“

**Tillögur að áhugaverðum Lestrarhestum berist á netfangið jonozur@gmail.com**

# Alzheimer kaffi nk. mánudag

Mánudaginn 16. október nk. kl 17:00 verður alzheimer-kaffi í húsnæði Vinaminnis, Vallholti 19 á Selfossi. Alzheimer-kaffi er fyrir fólk með Alzheimer og aðra heilabilunarsjúkdóma og aðstandendur þeirra. Í kaffinu verður fræðsla um Namaste nálgun, tónlistaratriði, kaffi og spjall. Kaffigjald er 1000 kr. Hlökkum til að sjá sem flesta og eiga notalega stund saman.



## Menningarmánuðurinn Október í Árborg

# Menningarganga listamanna í Árborg

## 14. október kl. 11:00 – 20:00









Menningarmánuðurinn október í Sveitarfélaginu Árborg býður upp á fjölda spennandi viðburða sem endurspegla grósku og sköpunarkraft í ört stækkandi sveitarfélagi.

Menningarganga listamanna er einn af hápunktum mánaðarins en þá opnar listafólk í Árborg vinnustofur sínar og gallerí fyrir gestum, leyfir fólki að líta við og skoða afrakstur sköpunar sinnar. Auk listafólksins taka Gallerí Listasel, Sundhöll Selfoss, Tískuvöruverslunin Lindin á Selfossi, Skrúfan á Eyrarbakka og Brimrót á Stokkseyri þátt í deginum.

Gestum er boðið að njóta listar á 18 stöðum víðs vegar um sveitarfélagið, á Selfossi, Eyrarbakka og Stokkseyri. Hátt í hundrað listamenn bjóða gestum að upplifa fjölbreytt listform. Málaralist, leirlist, fagurlega hannaða skartgripi, ljósmyndir og útskurð. Auk þess býðst þátttakendum að hlýða á sögur og hlusta á fallega tóna.

Með Menningargöngu listamanna sýna listamenn í verki þann vilja að sameina krafta þeirra frábæru listamanna sem búa í Árborg og bjóða gestum að gera sér dagamun í Menningarsveitarfélaginu Árborg. Aðgangur á alla viðburði Menningargöngu listamanna er ókeypis.

Umsjón: Auður allt árið. Nánari upplýsingar veitir: Auður I. Ottesen, audur@rit.is, s. 824-0056





## Selfoss

Kl 11 - 14 Félagsmenn í MYNDLISTARFÉLAGI ÁRNESSÝSLU opna húsakynni sín í Sandvíkursetri við Bankaveg fyrir gestum og gangandi. Þeir bjóða fólki að kynna sér starf félagsins og skoða listaverk félagsmanna. Listamenn verða að störfum og til í að spjalla við gesti um listsköpun sína. Kaffi og léttar veitingar í boði.

Kl. 12 - 16 GALLERÍ LISTASEL, Miðbæ, Brúarstræti 1. Öll hjartanlega velkomin að njóta listar frá ýmsum listamönnum. Boðið verður upp á kaffi og konfekt.

Kl. 9:00 – 18:00 FLÆÐI | Samsýning kvenna úr Myndlistafélagi Árnesinga í Sundhöll Selfoss, Tryggvagötu 15.

Kl. 11 - 15 EM HEIMAGALLERÍ Laxalæk 36. Maja Ólafsdóttir og Eggert Kristinsson taka á móti gestum og sýna leirlist, málverk og skartgripi.

Kl. 11 - 16 ÞÓRDÍS ÞÓRÐARDÓTTIR listakona, Dverghólum 6, sýnir akrýl- og vatnslitamyndir, olíumálverk og silfursmíði á vinnustofu sinni. Allir hjartanlega velkomnir. Boðið verður uppá kaffi og konfekt.

Kl. 11 - 16 GUÐRÚN ARNDÍS TRYGGVADÓTTIR myndlistarmaður býður gesti velkomna á vinnustofu að Sóltún 9.

Kl. 11 - 16 CHRISTINE GÍSLADÓTTIR listljósmyndari opnar vinnustofu sína í bílskúrnum að Miðtúni 2a. Til sýnis verða listræn ljósmyndaverk sem hún hefur unnið að. Einnig er opnun á Litlu Fló - Vintage búð á sama stað, salan rennur óskert til Krabbameinsfélags Árnessýslu. Léttar veitingar.

Kl. 13 - 16 ÁSDÍS HOFFRITZ listakona tekur á móti gestum í Tískuvöruversluninni Lindinni, Eyrarvegi. Hún sýnir olíumálverk í gluggum verslunarinnar. Léttar veitingar í boði.

Kl. 11 - 14 LÍSA JÓHANNS veflistakona, vinnur vefverk sín úr ull af eigin fé, svokölluðu feldfé. Hún tekur á móti gestum í Tískuvöruversluninni Lindinni, Eyrarvegi 29. Léttar veitingar í boði.

Kl. 11 - 14 LJÓSMYNDAKLÚBBURINN BLIK Í Sandvíkursetrinu við Bankastræti. Blik er hópur áhugafólks um ljósmyndun, og koma félagar víða að af Suðurlandi einnig suðvestur horni landsins. Félagar eiga það sameiginlegt að hafa brennandi áhuga á ljósmyndun. Félagsaðild að Blik er öllum opin er vilja auka þekkingu sína sem ljósmyndarar og miðla af reynslu sinni til annara félaga.

Kl. 12 - 18 BÓKAKAFFIÐ Austurvegi 22. Tveir höfundar kynna tvær nýútkomnar bækur sem bókaútgáfan Sæmundur gefur út, milli kl. 16 og 17. Hrópað úr tímaþvottavélinni prósaljóð eftir Guðmund Brynjólfsson. Og Hlutskipti eftir Jónu Ingibjörgu Bjarnadóttur og Jón Hjartarson sem er fjölskyldusaga úr Sænska húsinu á Selfossi. Milli þátta kynna bóksalarnir Elín og Bjarni aðrar nýjar útgáfubækur.

Kl. 11 - 16 JÓN INGI SIGMUNDSSON, Sóltún 35, opnar vinnustofu sína og sýnir vatnlistamyndir og olíumálverk.

SÓKNARÁÆTLUN SUÐURLANDS

## Eyrarbakki

Kl. 14 - 20 Gallery Heimatún, Túngötu 2. Hafdís Brands leirlistakona tekur á móti gestum á leirverkstæði sínu. Léttar veitingar

Kl. 14 - 20 SKRÚFAN Hafnarbrú 3. Fjöldi listamanna taka á móti gestum og sýna verk sín. Listamennirnir eru; Berglind Björgvinsdóttir, Bylgja Lind Pétursdóttir, Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir, Stefán Hermannsson, Steinunn Birna Guðjónsdóttir og Þórleif Hanna Guðgeirsdóttir. Feðginadúettinn, Fljúgandi Villisvín, þau Hafsteinn Viktorsson og Ronja Lena Hafsteinsdóttir taka nokkur lög fyrir gesti. Léttar veitingar í boði.

Kl. 14 - 19 Menningardagskrá BAKKASTOFU og RAUÐA HÚSSINS er fyrir alla aldurshópa. Gestgjafar eru Valgeir, Ásta Kristrún og Rauða húsið með hinum alþekkta súpumeistara staðarins. Markaður er í kjallara Rauða hússins og dagskráin: fuglasöngur, sögustund, upplestur og margt fleira klukkan hálf þrjú, hálf fjögur og hálf fimm á Torginu við Rauða húsið. Heitt á könnunni allan daginn. Klukkan hálf sex verður boðið upp á menningarsúpu á meðan að birgðir endast.

## Stokkseyri

GALLERÍ SVARTI KLETTUR Hafnargötu 9 (Gamla frystihúsinu). Elfar G. Þórðarson sýnir málverk, ljósmyndir og samansafn. Valgerður Þóra Elfarsdóttir sýnir margskonar list.

Kl. 13 - 16 BRIMRÓT CO-UP, Gimli, Hafnarstræti 1, efri hæð. Alda Rose Cartwight og Pétur Már Guðmundsson bjóða gesti velkomna.

## ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

KJARNABÓKHALD
Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.
Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is
Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.
Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is
Bókhald - ráðgjöf skattskil
Þjónusta við einstaklinga og fyrirtæki
Persónuleg þjónusta

## BÍLAR

SKÁLINN
Gagnheiði 11 - 800 Selfoss
Sími 482 2200 - GSM 894 2277 - Fax 482 2777
Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

## FÉLAGSSTÖRF

FÉLAG ELDRI BORGARA FEB SELFOSSI

**SKRIFSTOFA FEBSEL**
Opin fimmtudaginn
12. október kl. 13-14:30.

**OPIÐ HÚS**
Fimmtudaginn
12. október kl. 14:45.
Tómas Jónsson fyrrv. lögreglumaður segir frá og sýnir myndir frá Selfossi.
Kaffi og kökur kr. 1.500.
Kaffi kr. 200.

## FUNDIR

Krabbameinsfélagið

**Opið mán kl. 11 til 15**
**miðv. kl. 11 til 15**
**föstud. kl. 11 til 14.**
**sími 482 1022**
**gsm 788 0300**

**Al-Anon Selfossi**
Al-Anon fundir á þriðjudögum kl. 20:00, nýliðafundur kl. 20:30, fundur, Hrísholti 8

**Al-Anon**
Al-Anon fundur - Einn dagur í einu. Laugardagsmorgnum kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

**AA**
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 og 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

**Polskie mitingi**
Polskie mitingi aa grupa krokus. Poniedzialek i czwartek godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

**AA Sporgöngufólk f. alla**
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

**AA opin fundur f. alla**
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

**OA**
Áttu erfitt með að hætta að borða? OA 12 spora fundir Overeaters anonymous alla þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

**CoDA**
**Bataleið frá meðvirkni**
Fundir alla laugardaga kl. 10:30. Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

**CoDA-fundur / Meðvirkni**
Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

**Leiðin út á þjóðveg**
Fundir í Rauðakrosshúsinu, Mánamörk 1, Hveragerði, efri hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

## FUNDIR

**Vöfflukaffi**
Vöfflukaffi laugardaginn 14. okóber kl. 11-12, Katrín Eyjólfsdóttir mun segja frá starfsemi South Center.
Allir velkomnir.

## KIRKJA

**Skálholtsdómkirkja**
Messa sun. 15. okt. kl. 11 með skírn, altarisgöngu og sálmum á ýmsum tungumálum. Fermingarbörn hvött til þátttöku. Börn fá mynd að gjöf. Organisti er Jón Bjarnason. Sr. Kristján Björnsson, vígslubiskup prédikar og þjónar fyrir altari.

**Selfosskirkja**
Sunnudagaskóli klukkan 11 í umsjá Sjafnar og leiðtoganna. Öll eru innilega velkomin!
Bleik messa í Selfosskirkju klukkan 20. Sérstakur gestur er Bryndís Guðmundsdóttir og Séra Ása Björk þjónar. Ester og kirkjukórinn leiða sönginn. Öll velkomin.
Bænastundir eru í kirkjunni alla þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga klukkan 9:15.
Miðvikudaginn 18. október fer að stað fræðsla og samtal um sorg og sorgarviðbrögð í Selfosskirkju. Við byrjum samverurnar á opnum fyrirlestri sem verður í Safnaðarheimilinu kl. 20:00. Til okkar kemur Jóhanna María Eyjólfsdóttir sem er fagstjóri hjá Sorgarmiðstöðinni.

**Eyrarbakkakirkja**
Guðsþjónusta klukkan 11. Séra Ása Björk þjónar, en Haukur og kórinn leiða sálmasönginn.

**Villingaholtskirkja**
Þjóðbúningamessa klukkan 14, Séra Ása Björk þjónar en Guðmundur og kór Hraungerðisog Villingaholtskirkna leiða sönginn, sem verður á þjóðlegum nótum. Við hvetjum öll til að koma og gaman væri ef þau sem eiga þjóðbúninga síns lands mættu í þeim. Að lokinni messu verður messukaffi í Þjórsárveri, svokallað Pálínuboð, þar sem öll leggja eitthvað til á hlaðborð, kaffi, te og djús verður á boðstólum.

**Hvítasunnukirkjan Selfossi**
Samkoma, sunnudagaskóli og kaffiveitingar sunnudaginn 15. október kl. 11:00 í Hvítasunnukirkjunni Selfossi, Austurvegi 40B. English translation available. Allir innilega velkomnir. www.selfossgospel.is

## HÚSNÆÐI ÓSKAST

***Óska eftri íbúðarhúsnæði***
Óska eftir íbúðarhúsnæði á Selfossi eða nágrenni, helst til langtíma. Blokkaríbúðir afþakkaðar. Trygging fyrir hendi og skilvísum greiðslum heitið. Meðmæli frá fyrri leigusölum í boði. Nánari upplýsingar í síma 764 0896 eða tölvupósti Selfoss2023@gmail.com.

## ÞJÓNUSTA

**Gunnhildur Sveinsdóttir hefur opnað sálfræðistofu**
Gunnhildur Sveinsdóttir sálfræðingur (MSc og Cand.psych.) hefur opnað sálfræðistofu að Austurmörk 7, 2. hæð í Hveragerði. Sinnir fullorðnum og veitir m.a. hugræna atferlismeðferð við áfallastreituröskun, lágu sjálfsmati, þunglyndi og kvíða. Tímapantanir og nánari upplýsingar í gegnum netfangið gunnhildur@dmg.is.

# Glæpamenn, fræg bæjarhús og fornleifar

Þrjá sunnudaga í röð eru fyrirlestrar á vegum Byggðasafns Árnesinga haldnir í Varðveisluhúsinu Búðarstíg 22 á Eyrarbakka. Þrír fræðingar hver á sínu sviði mæta og gleðja gesti með fróðleik. Umfjöllunarefnin eru af ýmsum toga, glæpamenn, fræg bæjarhús og fornleifar. Fyrstur til að stíga á stokk var Jón M. Ívarsson sagnfræðingur með fyrirlesturinn Glæpamenn í Flóanum sem hann flutti síðastliðinn sunnudag fyrir þéttsetnum sal.

Jón sagði frá hinu sögufræga Kambsráni og fór svo ítarlega yfir sögur af fjársvikurum sem fóru um Flóann snemma á síðustu öld. Það mál var gjarnan nefnt Gaulverjabæjarmálið og var umfjöllunarefni Jóns í bókinni *Í skugga Gaulverjabæjar* sem kom út í fyrra. Fólk kunni sannarlega að meta stundina og sköpuðust líflegar umræður eftir fyrirlestur.

Næsta sunnudag þann 15. október mun Snorri Tómasson hagfræðingur fræða gesti um Rútsstaða-Suðurkot æskuheimili Ásgríms Jónssonar listamálara. Í fyrirlestri sínum *Skyggnst um í Rútsstaðahverfi í Flóa* mun hann fjalla um fjölskyldu Ásgríms og feril en einnig um rannsókn á húsaskipan í Suðurkoti út frá samtíma uppskriftum. Til samanburðar verður málverk Ásgríms af Rútsstöðum árið 1956 og teikning af innri skipan þess bæjar. Sérstaklega verður fjallað um feril málverks af Suðurkoti í eigu Snorra.

Fornleifafræðingurinn Ragnheiður Gló Gylfadóttir rekur svo lestina með fyrirlestrinum *Fornleifauppgröftur á Vesturbúðarhól* sunnudaginn 22. október. Vesturbúðarhóll er hluti af merkilegri þyrpingu minjastaða á Eyrarbakka og bera sögu þorpsins sem aðalverslunarstaðar Suðurlands í rúmar tvær aldir vitni. Frá árinu 2017 hafa staðið yfir fornleifarannsóknir á Vesturbúðarhólnum en áður en rannsóknir hófust mátti sjá óljós ummerki bygginga á nokkrum stöðum. Í fyrirlestrinum verður farið yfir rannsóknina, fyrstu niðurstöður og næstu skref.

Dagskráin hefst ávallt kl. 14.00 og fer fram í fyrirlestrasal í Varðveisluhúsi safnsins á Búðarstíg 22 á Eyrarbakka.

Viðburðirnir eru opnir öllum, engin aðgangseyrir og heitt á könnunni!



# Menningarganga listamanna í Árborg

Menningarmánuðurinn október í Sveitarfélaginu Árborg býður upp á fjölda spennandi viðburða sem endurspegla grósku og sköpunarkraft í ört stækkandi sveitarfélagi.

Menningarganga listamanna, laugardaginn 14. október, er einn af hápunktum mánaðarins en þá opnar listafólk í Árborg vinnustofur sínar og gallerí fyrir gestum, leyfir fólki að líta við og skoða afrakstur sköpunar sinnar. Auk listafólksins taka Gallerí Listasel, Sundhöll Selfoss, Tískuvöruverslunin Lindin á Selfossi, Skrúfan á Eyrarbakka og Brimrót á Stokkseyri þátt í deginum.

Gestum er boðið að njóta listar á 18 stöðum víðs vegar um sveitarfélagið, á Selfossi, Eyrarbakka og Stokkseyri. Hátt í hundrað listamenn bjóða gestum að upplifa fjölbreytt listform. Málaralist, leirlist, fagurlega hannaða skartgripi, ljósmyndir og útskurð. Auk þess býðst þátttakendum að hlýða á sögur og hlusta á fallega tóna.

Með Menningargöngu listamanna sýna listamenn í verki þann vilja að sameina krafta þeirra frábæru listamanna sem búa í Árborg og bjóða gestum að gera sér dagamun í Menningarsveitarfélaginu Árborg. Aðgangur á alla viðburði Menningargöngu listamanna er ókeypis.

# Opið fyrir umsóknir í öflugt matvælanám í FSu

Vakinn er athygli á nýju og kraftmiklu námi í matvæla- og ferðagreinum í FSu. Um er að ræða heildstætt brautarnám með nýrri og öflugri aðstöðu í kennslueldhúsi skólans. Námið er 70 einingar og námstími tvær til þrjár annir. Það er ætlað þeim sem stefna að vinnu við ferðaþjónustu eða frekara námi í matvælagreinum eins og matreiðslu, matartækni, bakstri, framreiðslu og kjötiðn. Nemendur fá starfskynningu í ferða- og matvælagreinum á vinnustöðum og fara í vinnustaðanám 18 - 24 klst. á önn.

Að sögn Guðríðar Egilsdóttur sem stýrir náminu ríkir þar fjölbreytni og lifandi sköpun. Lögð er áhersla á að tvinna saman matreiðslu og matvinnslu við ferðaiðnað og frumframleiðslu á sunnlensku gæðahráefni. „Við búum í héraði þar sem fjölbreytni ríkir og þróun í framleiðslu kjöts, fisks, grænmetis og ávaxta og ekki síst kryddjurta" segir Gurrý kampakát. „Undirstöðuatriði matvinnslu eins og flökun fisks, úrbeinun kjöts og ræktun matjurta, meðferð þeirra og geymsla er kennd af fagfólki, brauðbakstur og kökugerð. Farið er til berja og sultur gerðar og uppsetningar á matardiskum til hversdags og hátíðarbrigða æfðar."

Vettvangsferðir hafa verið ótaldar á þessari haustönn um sveitir og þéttbýli Suðurlands. Frumframleiðendur eru þá sóttir heim, iðnaðareldhús og ylrækt skoðuð, veitingastaðir og hótel. Gunnbjarnarholt í Hreppum þar sem eitt stærsta róbótafjós landsins er rekið og framleidd Hreppamjólk auk Flúðasveppa sem reka sveppa veitingahús og búa yfir mestri reynslu í innlendri sveppaframleiðslu. Friðheimar í Biskupstungum þar sem nýsköpun gerði afgangstómata að einum vinsælasta veitingastað landsins. Efsti-Dalur þar sem fjós, hlaða og veitingastaður mynda þríeyki. Hótel Geysir sem státar af einu fullkomnasta veitingaeldhúsi landsins, fulltrúar ferða- og byggðamála voru sóttir heim auk kjötvinnslu Krónunnar á Selfossi og nýja Kjötbúrsins sem Fannar Ólafsson rekur við miklar vinsældir á Selfossi.

„Mikilvægi þess að hafa fagmennsku og skapandi hugsun í fyrirrúmi þegar kemur að rekstri matvælafyrirtækja á Suðurlandi verður aldrei ofmetið" segir Gurrý og bætir við að það sé algjört leiðarstef á matvælabraut í FSu. Opið er fyrir umsóknir nýrra nemenda á komandi vorönn en valdagur í skólanum er 18. október. Auk þess er áhugasömum bent á að hafa samband við Guðríði Egilsdóttur í gegnum gudridureg-ils@fs.is

*jöz.*



*Dóróthea Knútsdóttir framkvæmdarstjóri Friðheima og nemendur*



*Fannar Ólafsson og starfslið hans í Kjötbúrinu á Selfossi*



*Nemendur hússtjórnarbrautar í nýrri Vínstofu Friðheima*


DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

**Viltu vekja athygli á Suðurlandi?**

Sími 482 1944 - auglysingar@dfs.is



SELFOSS KIRKJA

ERINDI FYRIR ÞAU SEM HAFA MISST

Jóhanna María Eyjólfsdóttir fagstjóri hjá Sorgarmiðstöðinni heldur erindi í Selfosskirkju miðvikudaginn 18. október kl. 20:00

Erindið er ætlað þeim sem hafa misst ástvin og verður fjallað um sorg og sorgarviðbrögð.
Í framhaldinu verður farið af stað með samtalshópa um sorg og sorgarviðbrögð, nánar inn á selfosskirkja.is.
Erindið er öllum opið óháð búsetu og er styrkt af Héraðssjóði Suðurprófastdæmis



*Jólahlaðborð í sveitakyrrð*

Einstök upplifun á aðventunni í hlýlegu umhverfi.

Jólakvöldverður 10.500 kr.

**TILBOÐ Á MAT OG GISTINGU**

17.000 kr. á mann í 2ja manna herbergi
20.900 kr. fyrir eins manns herbergi
Innifalið er jólakvöldverður ásamt morgunverðarhlaðborði.

24. og 25. nóvember
1. og 2. desember
8. og 9. desember

Nánari upplýsingar og borðapantanir á
**info@eldhestar.is**

HÓTEL Eldhestar

Eldhestar, Vellir, 816 Ölfus • 480 4800 • info@eldhestar.is • www.eldhestar.is

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
2722 Fimmtudagur 12. október 2023

# Árleg hrútasýning Hrunamanna

Vel var mætt á árlega hrútasýningu Sauðfjárræktarfélags Hrunamanna sem haldin var laugardaginn 7. október sl. í reiðhöllinni á Flúðum. Margt var um mannninn og fagurt fé frá mörgum bæjum. Alls komu kindur frá tíu bæjum í sveitinni og gat þar að líta lambhrúta af ýmsum litum og gerðum og lambgimbrar sömuleiðis og margar mjög litskrúðugar. Einnig mátti sjá forystufé. Rollubingóið gerði að venju lukku og biðu viðstaddir í eftirvæntingu eftir því að ferhyrndur mórauður lambhrútur frá Syðra-Langholti gerði stykkin sín í rétta reitinn á bingóspjaldinu.

## Helstu úrslit

Sérlegir dómarar hrútasýningarinnar voru eins og undan farin ár Sigurfinnur Bjarkarsson frá Tóftum og Jökull Helgason á Ósabakka. Þeir sýndu lipurð og natni í þukli og mati á skepnunum. Keppt var í hinum ýmsu flokkum. Í flokki mislitra lambhrúta varð efstur flekkóttur hrútur frá Grafarbakka, í öðru sæti varð morflekkóttur lambhrútur frá Langholtskoti undan Kurdo sæðingarstöðvarhrúti og í því þriðja varð svartgolsóttur hrútur frá Haukholtum 2 undan Satúrnusi af sæðingarstöðinni. Í hópi veturgamalla hrúta varð í fyrsta sæti hrúturinn Bjargvættur frá Kópsvatni sem er undan Viðari sem var á sæðingastöð, í öðru sæti hrúta var einnig hrútur frá Kópsvatni undan heimahrúti og í því þriðja var Greifi frá Hrafnkelsstöðum sem er undan heimahrút. Í fyrsta sæti í flokknum „best gerða gimbrin" varð gimbur frá Kópsvatni sem er undan Gullmola (ARR-hrútur af sæðingarstöð), í öðru sæti og þriðja sæti voru gimbrar frá Hrepphólum undan Hvata sem er heimahrútur. Um fjörtíu hrútar komu til álita í flokki hvítra lambhrúta en þar varð efstur, eftir mikið þukl og vangaveltur hjá dómurum og forkeppni þar sem tíu sátu eftir, hrúturinn frá Kópsvatni undan Trúð (keyptur frá Stóru-Hámundarstöðum), í öðru sæti og þriðja sæti voru hrútar frá Hrepphólum undan Skara og Serk sem eru heimahrútar. Þá var í fyrsta skipti keppt í flokki hrúta sem eru með verndandi arfgerð gegn riðu (T-137 eða ARR). Þar stóð eftstur lambhrúturinn Hrollur frá Hrepphólum (faðir hans er Tollur sem keyptur var frá Stóru-Hámundarstöðum), í öðru sæti var hrúturinn Kópur frá Kópsvatni (undan fyrrnefndum Trúð) og í því þriðja var einnig hrútur frá Kópsvatni, Garri, sem er undan Gullmola af sæðingarstöðinni. Sérstakt ánægjuefni var að sjá hve öflug lömbin voru sem komu á hrútasýninguna og bera með sér verndandi gen gegn riðu en sá sem vann flokk hvítra lambhrúta var einmitt með verndandi arfgerð. Öruggt má telja að þeim skepnum eigi eftir að fjölga hratt á komandi árum.

## Þuklmeistarar krýndir og „íhaldsmaðurinn" tilnefndur

Þá var gestum hrútasýningarinnar boðið að þukla fjóra lambhrúta og raða þeim upp eftir gerð. Góð þátttaka var í þuklinu og svo fór að Ásdís Helga Magnúsdóttir og Magnús Már Þórðarson, feðgin tengd Högnastöðum, ásamt Guðbjörgu Jóhannsdóttur frá Ásatúni urðu jöfn og efst. Þriggja manna sérvalin dómnefnd tók að sér að útnefna skrautlegustu gimbrina en þar komu margar fallegar til álita. Sú sem vann þann flokk var svartgolsótt gimbur frá Langholtskoti. Íhaldsmaður sýningarinnar var útnefnd Sigrún Eiríksdóttir frá Grafarbakka eftir lipra tilburði við að halda lambhrúti undir dóm. Stjórn Sauðfjárræktarfélagsins þakkar öllum gestum og þátttakendum á hrútasýningunni fyrir ánægjulega og vel heppnaða samveru. Styrktaraðilar hrútasýningarinnar í ár voru: Lífland, Fóðurblandan, Sláturfélag Suðurlands, Aflvélar, Kjörís, Landstólpi, Þór, Nói Síríus og Farmers Bistro á Flúðum.





Josera
BRAGÐ AF VINÁTTU!
Fæst hjá BYKO Selfossi

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaviðgerðir - Almennar raflagnir

HREINSITÆKNI
Stíflulosun
Rotþróahreinsun
Vélsópun
Lagnafóðrun
Hellismýri 9, 800 Selfoss
selfoss@hrt.is - Sími 892 2136
www.hrt.is

800 LAGNIR
ALHLIÐA PÍPULAGNINGA VERKTAKAR
Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

Tækniþjónusta Suðurlands ehf.
Selfossi
Sjónvarpskerfi fyrir hótel og gistihús
Öryggiskerfi
Eftirlitsmyndavélakerfi
Hljóðkerfi
Símkerfi o.fl.
Sérhæfing - Þekking - Reynsla
Gunnar Guðmundsson Sími 694 4922
Vilmundur Sigurðsson Sími 779 6777

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bílverk BÁ
Þar sem fagmennirnir vinna
Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424
bilverkba.is

VÉLSMIÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Sprettur ÁBURÐUR
Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

Lagnaþjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 Skrifstofa
696 2311 Þjónustusími

HREINGERINGA-þjónusta Suðurlands ehf.
Allar ræstingar
Steinteppahreinsun, teppahreinsun, bón, gluggahreinsun o.fl.
Sími 897 8444
Hreint um allt Suðurland

HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA
534 9600
www.heyrn.is

NÝTT
Vinnuvélanámskeið á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is